

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



**Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar**

## **Skýrsla svæðisstjóra Ægissvæðis til umdæmisstjórnarfundar 16. apríl 2011, haldinn í Kiwanishúsinu Engjateig 11**

Ágætu Kiwanisfélagar

Frá síðasta umdæmisstjórnarfundu hefur mikið verið að gerast í Ægissvæði. Fyrsta febrúar var Kiwanisklúbburinn Varða vígður og fengum við Arnar Ingólfsson fráfarandi svæðisstjóri að sjá um þá athöfn. Þar voru 22 konur teknar inn í hreyfinguna og þar með eru klúbbarnir orðnir átta í Ægissvæði. Það er gaman að segja frá því að Alan Penn verðandi heimsforseti og kona hans voru viðstödd vígsluna.

12. febrúar var haldin önnur svæðisráðstefna Ægissvæðis og var hún í sumsjón Hraunborgar. Allir forseta og ritara mættu og voru góðar skýrslur hjá forsetum. Í heildina mættu 29 félagar. Á þeim fundi var K-dagsnefnd með erindi og fulltrúi Bláa unglingsklúbbs kom og sagði frá tilurð klúbbsins.

Flestir klúbbar hafa verið að fjölga en þrjú félagar hafa fallið frá þar sem af er sarfsárinu og einnig hafa félagar hætt. En það er þó raunfjöldgun í Ægissvæði og til gamans langar mig að segja að Hof sem er fámennur klúbbur var að fjölga um einn hjá þér.

Unanfarna tvo mánuði hef ég verið að heimsækja klúbbana í svæðinu og var ég síðast á þriðjudaginn í heimsókn hjá síðasta klúbbnum. Ég er mjög stolt af klúbbnum í svæðinu þeir eru allir að gera góða hluti og það er mjög gaman að skoða og velta fyrir sér þeim upplýsingum sem maður fær í skýrslunum. Allir ritara skila skýrslum á réttum tímum og allir kjörforsetar mættu til forsetafræðslu 2. apríl sl. Það eru tveir klúbbar sem ég kalla litlu klúbbana en það eru Setberg og Hof en þeir eru ekkert síðri en þeir sem stærri eru t.d. er Setberg með flestar vinnustundir í svæðinu og Hofsfélagar eru mjög duglegir að mæta á fundi yfirleitt allir mættir. Sólborg hefur ákveðið að vera móðurklúbbur nýs kvennaklúbbs sem fengið hefur nafnið Dyngja og verður fyrst um sinn græðlingsklúbbur frá Sólborg þær voru teknar inn 8. apríl sl.

Í heimsóknum mínum hef ég lagt áhersu á hjálmaverkefnið og k-lykilinn og eins nýja MNT verkefnið. Ég veit að allir klúbbarnir eru farnir að undirbúa bæði hjálmaverkefni og k-dag og þá eru klúbbarnir í Hafnarfirði, Garðabæ og Kópavogi farnir að undirbúa sameiginlegt verkefni sem er ball fyrir fatlaða.

Næsta svæðisráðsstefna verður 30. apríl og verður það nýjasti klúbburinn í svæðinu Varða sem sér um þann fund. Eitt framboð er komið til kjörsvæðisstjóra.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



## Efling, kraftur, áræði – Ábyrgðin er okkar

Mig langar aðeins að koma inn á þetta með heimsóknir í klúbba og Óskar þessu er ekki neitt beint að þér, ég veit að þetta hefur alltaf verið svona. En það er lítið gaman að koma í fótspor umdæmisstjóra og ræða um sama málefni, reyndar vorum við Óskar saman í heimsókn hjá einum klúbbnum og þá skiptum við á milli okkar málefnum.

Mín skoðun er sú að kjörumdæmisstjóri eigi að gera eins og Ragnar Örn er að gera núna fara í klúbbanna og kynna sig. Síðan á það að vera hlutverk svæðisstjóra að heimsækja klúbbanna. Umdæmisstjóri ætti að koma á svæðisráðsfundi, afmæli eða hátíðir, alla vegna ætti að vera meiri samvinna á milli umdæmisstjóra og svæðisstjóra svo þeir séu ekki að koma hver á eftir öðrum.

Það fer að koma að sumarfrí hjá okkur öllum og minn helsti höfuðverkur í sumar verður að finna út hver fær viðurkenninguna besti foresti og besti ritari Ægissvæðis starfsárið 2010-2011 því þau eru öll að standa sig svo vel. Að komum óska ég ykkur góðs sumars og við sjáums á þinginu í haust.

Með Kiwaniskveðju  
Hildisif Björgvinsdóttir  
Svæðisstjóri Ægissvæðis 2010-2011

